

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Vegna þeirrar ákvörðunar borgarráðs Reykjavíkur að gera Austurstræti að göngugötu í tilraunaskyni verða eftirfarandi breytingar gerðar á umferð bifreiða og reglum um bifreiðastæði í miðborginni á tímabilinu frá 12. ágúst til 14. október næstkomandi:

1. Austurstræti verður lokað fyrir umferð allra ökutækja annarra en strætisvagna á tímabilinu frá 12. ágúst til 16. september og allra ökutækja á tímabilinu frá 16. september til 14. október. Akstur með vörur að verzlunum verður þó leyfður á milli kl. 7 og 11 á virkum dögum, nema laugardögum á milli kl. 7 og 9.
2. Pósthússtræti verður lokað fyrir allri umferð ökutækja á milli Vallarstrætis og Hafnarstrætis.
3. Aðalstræti verður lokað á kaflanum milli Austurstrætis og Fischersunds fyrir umferð allra ökutækja annarra en strætisvagna. Akstur með vörur að verzlunum verður þó leyfður á milli kl. 7 og 11 á virkum dögum, nema laugardögum, en þá er akstur leyfður á milli kl. 7 og 9.
4. Akstur verður leyfður í báðar áttir um Aðalstræti á milli Kirkjustrætis og bifreiðastæðisins að Austurstræti 2 og á kaflanum milli Hafnarstrætis og Fischersunds.
5. Einstefnuakstur verður á Skólalbrú og Kirkjustræti til vesturs frá Lækjargötu að Suðurgötu.
6. Bifreiðastöður á bifreiðastæðinu að Austurstræti 2 verða takmarkaðar við eina klukkustund. Gjald verður 20 krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur. Bifreiðastöður verða aðeins heimilaðar á virkum dögum kl. 8—20, nema á laugardögum, en þá eru stöður leyfðar kl. 8—14.
7. Hámarkstíminn við stöðumæla á Kirkjutorgi verður stytur úr tveim klukkustundum í eina klukkustund. Gjald verður óbreytt, 5 kr. fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.
8. Bifreiðastöður á bifreiðastæðinu við Glasgowsund á milli Vesturgötu og Fischersunds verða takmarkaðar við eina klukkustund án gjaldtöku.
9. Bifreiðastöður á bifreiðastæði, sem afmarkast af Vonarstræti, Tjarnargötu og Kirkjustræti, verða takmarkaðar við tvær klukkustundir án gjaldtöku.
10. Settir verða upp 10 stöðumælar á bifreiðastæði á horni Kirkjustrætis og Tjarnargötu til viðbótar þeim 7, sem fyrir eru. Gjald verður 5.00 kr. fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur. Hámarks stöðutími verður ein klukkustund.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 9. ágúst 1973.

Sigurjón Sigurðsson.